

Sp.

97. Tillaga til þingsályktunar

[79. mál]

um endurskoðun girðingalaga.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Tillagan er nú endurflutt í þeirri von, að hún fái nú afgreidd.

Tillögunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð, er hún var flutt á síðasta þingi:

Á Alþingi 1956—57 flutti fyrri flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu ásamt Sveinbirni Högnasyni frv. til l. um breyt. á girðingalögum frá 1952. Mál þetta varð þá ekki útrætt. Það var endurflutt af sömu mönnum 1957—58, en þá einnig án árangurs. Síðan hefur málið legið niðri.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum að athuguðu máli rétt að taka þetta mál allt til gagngerðrar endurskoðunar. Við þá athugun viljum við benda á eftirfarandi atriði, er ber að athuga meðal annarra.

Tímabært er orðið að telja vélgrafna skurði sem hluta af girðingu, þ. e. fullkominni vörzlu, og ber að meta þá samkvæmt því. Þá ber að endurskoða skyldur þær, sem á vegagerðina eru lagðar gagnvart landeiganda, þegar vegur er lagður í gegnum afgirt lönd, hvort sem þau eru ræktuð eða eigi. Ákvæði nügildandi girðingalaga um skyldur vegagerðar, þegar um óræktuð lönd er að ræða, sem vegur er lagður um, eru með öllu úrelt og ósanngjörn gagnvart landeiganda. Nú fer fram endurskoðun á lögum um opinbera vegi. Ber því brýna nauðsyn til að láta endurskoðun á girðingalögum fara fram jafnhliða, m. a. vegna þess, er á hefur verið bent. Ýmis fleiri atriði girðingalaga má benda á, sem nauðsyn ber til að endurskoða og færa til þeirrar reynslu, sem nú er fengin, og til þess viðhorfs, sem nú er í þessu máli.